



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

Alþingi
Erindi nr. Þ 135/1500
komudagur 21.2.2008

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 19. febrúar 2008.

**UMSÖGN MANNRÉTTINDASKRIFSTOFU ÍSLANDS
UM FRUMVARP TIL LAGA UM NÁLGUNARBANN, HEILDARLÖG,
135. LÖGGJAFARPING 2007–2008, 294. MÁL.**

Mannréttindaskrifstofa Íslands hefur farið yfir ofangreint frumvarp með hliðsjón af alþjóðlegum mannréttindasamningum sem Ísland á aðild að og tilmælum alþjóðlegra eftirlitsstofnana á sviði mannréttinda. Mannréttindaskrifstofan fagnar frumvarpinu og telur það á margan hátt til þess fallið efla virkni nálgunarbanns á Íslandi. Er það mjög til bóta að mælt er beinlínis fyrir um heimild fólks til að leita til lögreglu með rökstuddri beiðni um að krafist verði nálgunarbanns og að lögreglu beri að taka afstöðu til beiðninnar svo fljótt sem verða megi. Þá er það einnig jákvætt að lagt er til að lögreglu beri að tilkynna þeim sem beiðið hefur um nálgunarbann niðurstöðu sína og að sá getur kært ákvörðun lögreglu.

Mannréttindaskrifstofan telur þó að unnt hefði verið að ganga lengra og gerir því eftirfarandi athugasemdir við frumvarpið.

Mannréttindaskrifstofan hefur á undanförunum árum lagt síaukna áherslu á baráttu gegn kynbundnu ofbeldi, einkum í tengslum við alþjóðlegt *16 daga átak gegn ofbeldi gegn konum*. Það er staðreynd að í mörgum tilvikum eru það kynbundið ofbeldi; ofbeldi á heimilum og það þegar konur eru ofsóttar af fyrrum maka, sambýlismanni eða barnsföður, sem kallar á virkt nálgunarbann.

Alþjóðlegar eftirlitsstofnanir á sviði mannréttinda hafa lýst áhyggjum sínum af hárrí tíðni heimilisofbeldis hér á landi og hvatt íslensk stjórnvöld til að bregðast við vandanum. Nefnd sem fylgist með framfylgd alþjóðasamnings S.þ. um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi lýsti, í athugasemdum sínum til íslenskra stjórnvalda árið 2003, áhyggjum sínum af tíðni heimilisofbeldis á Íslandi og því að hér á landi vanti sérstaka löggjöf til að taka á vandamálinu. Í lokaathugasemdum sínum hvatti nefndin stjórnvöld til að setja sérstaka löggjöf gegn kynbundnu ofbeldi.¹ Í lokaathugasemdum sínum við fjórðu skýrslu Íslands um framfylgd alþjóðasamnings um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi, frá 2005, hvatti Mannréttindanefnd Sameinuðu þjóðanna íslensk yfirvöld til að: „*gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja konum viðeigandi vörn gegn heimilisofbeldi.*”² Þá hvatti Mannréttindafulltrúi Evrópuráðsins, í

¹ Concluding Observations of the Committee on Economic, Social and Cultural Rights: Iceland, 23/05/2003, E/C.12/1/Add.89,

[http://www.unhcr.ch/tbs/doc.nsf/\(Symbol\)/ad83be0975ab41cdc1256d33002edd5a?Opendocument](http://www.unhcr.ch/tbs/doc.nsf/(Symbol)/ad83be0975ab41cdc1256d33002edd5a?Opendocument)

² Lokaathugasemdir Mannréttindanefndar S.þ. um fjórðu skýrslu Íslands um framfylgd alþjóðasamnings um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi., CCPR/C/CO/83/ICE, http://www.domsmalaraduneyti.is/media/Skyrslur/athugas_mannrettindanefndar.pdf



MANNRETTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

skýrslu sem birt var árið 2005, stjórnvöld til að efla aðgerðir gegn kynbundnu ofbeldi, m.a. með því að styrkja nálgunarbann.³

Þær breytingar sem gerðar voru á almennum hegningarlögum árið 2006 voru mikilvægt skref í baráttunni gegn ofbeldi á heimilum og kynbundnu ofbeldi almennt. Mannréttindaskrifstofan fagnaði breytingunum en hvatti jafnframt til þess að lögfest yrði einnig sérstakt ákvæði um kynbundið ofbeldi karla gegn konum að fyrirmynd Svía og að ákvæðum um nálgunarbann yrði breytt og það styrkt með mögulegri brottvísun eða heimsóknarbanni, nánar tiltekið með „austurrísku leiðinni.“⁴ Mannréttindaskrifstofan lýsti í kjölfarið yfir stuðningi við frumvarp sem lagt var fram árið 2006 um brottvísun og heimsóknarbann sem byggði m.a. á tilmælum þings Evrópuráðsins en þar er lögð til lagaheimild til brottflutnings ofbeldismanns af heimili.⁵ Með brottvísun og heimsóknarbanni er komið í veg fyrir þær afkárlegu aðstæður sem skapast enn í dag þar sem fórnarlambið og jafnvel börn þurfa að flýja heimili sitt og leita skjóls hjá Kvennaathvarfi eða aðstandendum á meðan ofbeldismaðurinn dvelur í mestu makindum á heimilinu.⁶ **Mannréttindaskrifstofan hvetur því stjórnvöld til að lögfesta brottvísun og heimsóknabann sbr. austurrísku leiðina samhliða nýjum lögum um nálgunarbann.**

Þá telur skrifstofan æskilegt að stytta þann tíma sem lögreglu er gefinn til að taka afstöðu til beiðni um nálgunarbann. Samkvæmt upplýsingum frá Kvennaathvarfi er það í dag ein af meginástæðum þess að konur óska ekki eftir nálgunarbanni að þær sjá ekki kosti þessar margar vikur líða þangað til það verður virkt. Tvær vikur er enn of langur biðtími fyrir fólk sem óttast um líf sitt og limi.

Nánar vísast til umsagna skrifstofunnar um *frumvarp til laga um breytingu á lögum um meðferð opinberra mála, nr. 19 26. mars 1991, og breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19 12. febrúar 1940, 53. mál sem lagt var fram á 132. löggjafarþingi 2005 - 2006, þingskjal 53* og um *frumvarp til laga um breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19 12. febrúar 1940 (heimilisofbeldi) 340. mál sem lagt var fram á 132. löggjafarþingi 2005 - 2006, þingskjal 365* sem finna má á heimasíðu skrifstofunnar.

Virðingarfyllt,

f.h. Mannréttindaskrifstofu Íslands

Guðrún D. Guðmundsdóttir, framkvæmdastjóri

³ Report by Mr. Alvaro Gil-Robles, Commissioner for human rights, on his visit to the Republic of Iceland, 4-6 July 2005,

https://wcd.coe.int/ViewDoc.jsp?id=948043&Site=CommDH&BackColorInternet=FEC65B&BackColorIntranet=FEC65B&BackColorLogged=FFC679#P220_45745

⁴ Nánar vísast til umsagnar Mannréttindaskrifstofunnar sem finna má hér:

<http://mannrettindi.is/verkefni/umsagnir/nr/1196>

⁵ Tilmæli þings Evrópuráðsins nr. 1582 (2002), Domestic violence against women,

<http://assembly.coe.int/Documents/AdoptedText/TA02/EREC1582.htm>.

⁶ Umsögn um frumvarpið má finna hér: <http://mannrettindi.is/verkefni/umsagnir/nr/1198>